



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Guðjón Axel Guðjónsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 01. september 2006
Tilvísun: 2006070011
Bréfalykill: 50.4.3

**Efni: Nýtingarleyfi á Kaldavatnslindum í landi jarðarinnar Kaldárhöfða í Grímsnes-
og Grafningshreppi.**

Með bréfi dagsettu 19 júlí 2006 óskar iðnaðarráðuneytið umsagnar Orkustofnunar um umsókn Orkuveitu Reykjavíkur (dags. 12. júlí s.á.) um að fá að nýta kaldavatnslindir í landi jarðarinnar Kaldárhöfða, sem er í eigu ríkisins. Umsagnar er leitað í samræmi við 3. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Orkustofnun þykir miður að dregist hefur að svara þessu erindi fram yfir umsagnarfrest. Jörðin Kaldárhöfði er innan vatnasviðs Þingvallavatns og Sogs, sem er verndað með sérstökum lögum (nr. 85/2005). Gert er ráð fyrir mögulegri nýtingu auðlinda á vatnasviðinu (3. gr.) að uppfylltum skilyrðum (reglugerð 650/2006).

Í greinargerð sem fylgir umsókn (ÍSOR-06113) er fjallað um nokkra möguleika til vinnslu, þar af eru tveir úr svonenfndum Kaldárstraumi, sem talinn er renna undan Lyngdalsheiði, annar við Sog skammt neðan Þingvallavatns og hinn í landi Kaldársels (við Kaldá). Þar sem um er að ræða svæði sem er verndað með sérlögum, telur Orkustofnun mikilvægt að unnt sé að anna framtíðarþörf fyrir kalt vatn á þessu svæði með einu vatnsbóli, þar sem tryggt er að auka megi vinnslu stig af stigi eftir þörfum, á sama stað til að lágmarka rask. Af áður nefndri greinargerð að dæma er þann stað frekar að finna við Sog en Kaldárhöfða. Bent er á að vinnsla vatns á þessu svæði mun minnka innrennsli til Ljósavatns- og Írafossvirkjunar sem nemur vatnsvinnslu, sem áætlað er að verði einhvejur tugir l/s.

Virðingarfyllst

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir